



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

### 11. október 2017 – Pistill nr. 19

Kæru Mývetningar nær og fjær. Sú ákvörðun hefur verið tekin að senda pistil sveitarstjóra bæði út í tölvupósti og í öll hús, bæði vegna eftirspurnar og í anda gildi sveitarfélagsins um jafnræði. Sérstaklega hafa eldri borgarar beðið um að fá pistlana senda með pósti heim. Ég og formaður skipulagsnefndar áttum m.a. fund með Samkaup og N1 í síðustu viku vegna breytinga á deiliskipulagi við búðina. Var fundurinn ánægjulegur og lofar góðu um framhaldið. Fram kom hjá fulltrúa Samkaupa að breytingar verða gerðar á búðinni sjálfri um miðjan nóvember en þá verður henni breytt í Kjörbúðina sem mun lækka vöruverð, sem er auðvitað fagnaðarefni.



### Mývetningur gefur 10 hlaupahjól

Nýja fjölnota hjólabrautin við Reykjahlíðarskóla hefur heldur betur slegið í gegn. Við erum

Heilsueflandi samfélag og í anda þess tók íþrótt- og ungmennafélagið Mývetningur sig til og gaf Reykjahlíðarskóla 10 hlaupahjól sem nemendur geta notað í frímínútum í hjólabrautinni. Kunnum við félaginu bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf. Á myndinni eru Sigurbjörn formaður og Jóhanna frá Mývetningi og Sólveig skólustjóri við afhendingu hlaupahjólanna.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla miðvikudaginn 18. október n.k.

Kosið verður til Alþingis laugardaginn 28. október næstkomandi. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst hjá sýslumönnum 20. september s.l.

Mývetningar með lögheimili hér geta kosið utan kjörfundar hjá sýslumanninum á Húsavík Útgarði 1, virka daga kl. 09:00 - 15:00.

Laugardaginn 21. og sunnudaginn 22. október er opið frá kl. 14:00 - 17:00.

Þá verður hægt að kjósa utankjörfundar á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 18. október, frá kl. 10:00 - 12:00. Eru Mývetningar hvattir til þess að nýta sér það. Ekki verður hægt að kjósa á öðrum tíma utankjörfundar í Skútustaðahreppi líkt og var fyrir ári síðan.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 28. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa kjörskrána en hægt er að nálgast hana á skrifstofu Skútustaðahrepps á opnunartíma. Kjósandi skal gæta að hvar hann er á kjörskrá, en nálgast má upplýsingar um það á vefnum [www.island.is](http://www.island.is) og á hreppsskrifstofu.

Kjósandi skal, áður en hann greiðir atkvæði utan kjörfundar, gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa vegabréfi, ökuskírteini, nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra.

Öllum sem eru skráðir á kjörskrá er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá hvaða sýslumanni sem er óháð búsetu eða lögheimili. Ef senda þarf atkvæði greitt utan kjörfundar skulu kjósendur sjálfir annast og kosta sendingu þess. Embætti sýslumanns eða umboðsmanna hans er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

### **Sækjum tímanlega um rekstrarleyfi**

Nokkuð af beiðnum hefur borist frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra um umsagnir sveitarstjórnar vegna rekstrarleyfa samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Af gefnu tilefni er rétt að hvetja rekstraraðila til þess sækja tímanlega um til sýslumanns um endurnýjun á rekstrarleyfum, þ.e. áður en núgildandi leyfi rennur út, til að komast hjá óþægindum. Í versta falli er hægt að sækja um leyfi til bráðabirgða en það verður þá að gerast áður en núgildandi leyfi rennur út.

Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á rekstrarleyfunum, þau eru ótímabundin og fyrir vikið eru gerðar strangari kröfur af hálfu leyfisveitanda.

### **Heilbrigðisnefnd samþykkir frestun á umbótaáætlun**

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra hefur samþykkt beiðni um frestun á umbótaáætlun fráveitumála. Í fundargerðinni dagsett 2. október 2017 segir:

„Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi fór yfir málið í stuttu máli og kynnti beiðni sveitarstjóra Skútustaðahrepps um frest til að skila inn umbótaáætlun. Að loknum umræðum var eftirfarandi bókað:

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita sveitarstjórn Skútustaðahrepps frest til áramóta til að skila inn nýrri og endurbættri umbótaáætlun vegna fráveituframkvæmda í þéttbýli við Reykjahlíð, Skútustaði og Voga. Heilbrigðisnefnd gerir kröfu til þess að rekstraraðilar utan þéttbýlis hefjist nú þegar handa við að koma upp tilskyldum hreinsivirkjum vegna eigin fráveitukerfa og fer fram á að framkvæmdum verði lokið fyrir 17. júní 2018."



### **Spennandi námskeið**

Á laugardaginn var Heilsueflandi dagur í Mývatnssveit í tilefni þess að við erum Heilsueflandi sveitarfélag. Meðal annars var

Davíð Kristinsson heilsupjálfi með fyrirlestur þar sem hann kynnti 60 daga áskorun sem hefst síðar í mánuðinum. 60 daga áskorun inniheldur mælingar, fyrirlestra, kennslu á æfingum og yfirferð yfir æfingakerfin. Lokaður Facebook hópur fyrir uppskriftir, pepp og fræðslu. Lágmark þarf 12 manns til að námskeiðið fari af stað. Skráning er á [ims@skutustadahreppur.is](mailto:ims@skutustadahreppur.is)

Í tilefni Heilsueflandi dags var jafnframt mikið fjör í íþróttahúsinu. Þar var m.a. búið að setja upp ýmsar stöðvar fyrir yngstu kynslóðina sem mæltist ákaflega vel fyrir.



**Áhugaverð fjármálaráðstefna sveitarfélaga**  
Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í síðustu viku voru kynntar tvær afar áhugaverðar skýrslur um sveitarfélögin í landinu. Annars vegar skýrsla nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Hins vegar skýrsla verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hægt er að kynna sér þær á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þegar grannt er skoðað fer ekki á milli mála að undirliggjandi þrýstingur er á sameiningu sveitarfélaga og þá aðallega „að ofan“. Í tillögum um eflingu sveitarstjórnarstigsins er gengið svo langt að leggja til að lágmarks íbúafjöldi verði hækkaður í þrepum og að íbúar fái ekki að kjósa um sameiningar eins og sátt

hefur ríkt um í íslensku samfélagi fram að þessu. Lagt er til að hækka lágmarksfjölda íbúa þannig að ekki verði færri en 1.000 íbúar í hverju sveitarfélagi í ársbyrjun 2026. Þau sveitarfélög sem ekki uppfylla þessi skilyrði eru 40 talsins í dag. Í ársbyrjun 2020 skuli lágmarksíbúafjöldi vera 250 íbúar, 500 í ársbyrjun 2022 og svo 1.000 árið 2026. Samtals eru sveitarfélög landsins 74 og þar af eru 40 með færri en 1.000 íbúa. Fækkun sveitarfélaga vegna sameininga, verði farið eftir tillögnum, næmi því 53%.

Sameining eða ekki sameining sveitarfélaga er áhugaverð umræða. Við veitum íbúum grundvallarþjónustu í nærsamfélagi. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að sameina sveitarfélög en fyrir því þurfa að liggja sterk landfræði-, þjónustu- og fjárhagsleg rök. Nú er um áratugur liðinn síðan þáverandi samgönguráðherra fór um landið og boðaði lögbvingaðar sameiningar sem leiddu til sameiningar 17-19 sveitarfélaga. Fyrir 12 árum var kosið í 66 sveitarfélögum, með heldur takmörkuðum árangri. Þannig hefur þetta þróast smátt og smátt á forsendum íbúanna sjálfra með íbúakosningum.

Danir fóru þá leið á sínum tíma að lögbvinga sameiningu sveitarfélaga í þeim tilgangi að auka lýðræðið og efla stjórnvél og þjónustu. Fræðimenn þar í landi segja nú að ekki sé hægt að sjá að þær aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri svo nokkru nemi. Að sjálfsögðu er samanburður á dönskum og íslenskum sveitarfélögum afar erfiður og því vandi að spá um ágæti fyrrnefndra tillagna um eflingu sveitarstjórnarstigsins hér á landi.

Jafnframt hefur verið sleginn nýr tónn með heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga því þar er lagður til einhvers konar innbyggður hvati til sameiningar sveitarfélaga.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á svokallaðri hagkvæmnilínu útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins sem leiða muni til þess að sveitarfélög með fleiri en 2.400 íbúa fái aukið vægi við útreikning framlaganna. Jafnframt verði vægi íbúafjölda 6-15 ára og vægi fjölda þéttbýlisstaða innan eins sveitarfélags aukið á kostnað vægis fyrir fjarlægðir innan sveitarfélaga. Þetta kemur sér frekar illa fyrir fámennari og dreifðari sveitarfélög en reyndar sleppur Skútustaðahreppur nokkuð vel miðað við þá útreikninga sem lagðir voru fram. Samkvæmt reglugerð er hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga. Hvergi kemur fram að sjóðurinn eigi að stuðla sérstaklega að sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélagaskipan hvílir á gömlum dönskum grunni. Sveitarfélög hafa visst sjálfræði, sjá um tiltekin verkefni og hafa eigin tekjustofna að hluta en ramminn er ákveðinn af ríkinu. Sveitarstjórnir bera ábyrgð gagnvart eigin kjósendum en verkaskipting milli sveitarfélaga og ríkis er oftast en ekki álitamál. Sameining sveitarfélaga er umræða sem við eigum að halda á lofti og skýrslan um endurskoðun sveitarstjórnarstigsins er ágætt innlegg í þá umræðu. En leyfum lýðræðinu að hafa sinn gang og fólkinu í landinu að hafa síðasta orðið.

## HRÓS DAGSINS...

fá nemendur og kennarar í Reykjahlíðarskóla fyrir góða þátttöku og flotta takta í danskenslu skólans sem stendur yfir þessa vikuna.



## Arnheiður í fagrað Ramý

Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna Arnheiði Rán Almarsdóttur líftækni og Dr. Helga Arnar Alfreðsson jarðefnafræðing í fagrað Ramý fyrir hönd Skútustaðahrepps í samstarfi við Þingeyjarsveit og Norðurþing. Tilnefningin er í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu.

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna, Kröflu Magma Testbed kynningu, heimsótt Hrafnagilsskóla í tengslum við gerð skólastefnu, og margt fleira. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

***Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri***